

ÁSKORUN

Neðangreind sveitarfélög skora á matvælaráðherra og Alþingi að jafna afkomumöguleika strandveiðisjómana óháð búsetu, með lögfestingu ákveðins veiðidagafjölda án stöðvunar veiða þegar heildarpotti er náð. Þar til því takmarki er náð krefjumst við að núverandi strandveiðipotti verði skipt á veiðisvæði í réttu hlutfalli við útgefin strandveiðileyfi á viðkomandi svæði. Nú þegar strandveiðitímabilið er nýhafið eru fjölmargir strandveiðibátar að flytja sig af C- svæði til annarra svæða þar sem betur veiðist snemmsumars. T.d. eru fimm bátar farnir nú þegar frá Raufarhöfn yfir á önnur svæði og má öllum vera ljóst að brotthættar byggðir norðan og austan lands mega ekki við fleiri áföllum og núverandi fyrirkomulag strandveiða er sjávarþorpum á þessu svæði mjög óhagstætt og brýnna aðgerða er þörf.

8. maí 2023.

F.h. Múlaþings



Sigrún Þorunn
Sveitarstjóri
Langanesbyggðar

F.h. Norðurljóspings
Katla Siquotsdóttir, sveitarstj.
Norðurljósping